# Sparisjóður Norðfjarðar

## Ársreikningur
## 2002

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn ........ 3
Áritun endurskoðenda .............................................. 4
Rekstrarreikningur ...................................................... 5
Efnahagsreikningur .................................................... 6
Yfirlit um sjóðstreymi ................................................. 8
Skýringar ..................................................................... 9

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um gerð ársreikninga og reglur um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Hann er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur sparisjóðsins árið á undan utan þess að ekki er tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga.

Hagnaður varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2002 að fjárhæð 58,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 309,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði er 18,1% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sjóðsins leggur til að greiddur verði arður til stofnfjáraðila á árinu 2003 vegna ársins 2002. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5%. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 9,0 millj. kr. og skiptist það í 268 jafna hluti.

Á árinu störfuðu 11 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum í 10 stöðugildum og námu launagreiðslur samtals 41,6 millj. kr. Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar og sparisjóðsstjóri staðfesta ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Neskaupstað, 13. febrúar 2003.

Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar:

Jón Kristinn Ólafsson
formaður

Ágúst Ármann Þorláksson

Guðmundur Jónas Skúlason

Guðný Sveinlaug Bjarkadóttir

Þorgeir Sæberg Sigurðsson

Sparisjóðsstjóri:

Sveinn Árnason

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og stofnfjáraðila í Sparisjóði Norðfjarðar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 46. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sparisjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2002, efnahag hans 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Neskaupstað, 13. febrúar 2003.

Sigurður Jónsson

Reynir Stefán Gylfason

***KPMG Endurskoðun hf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2002

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur:** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 11.581.330 | 23.397.479 |
| Vaxtatekjur af útlánum | | 168.306.018 | 185.153.289 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum | | 8.177.981 | 9.947.391 |
| Aðrar vaxtatekjur | | 0 | 230.355 |
| | | 188.065.329 | 218.728.514 |
| **Vaxtagjöld:** | | | |
| Vaxtagjöld til lánastofnana | | 1.418.639 | 2.777.006 |
| Vaxtagjöld af innlánum | | 83.479.117 | 108.957.141 |
| Vaxtagjöld af lántöku | | 1.793.261 | 3.394.022 |
| Önnur vaxtagjöld | | 0 | 4.687.897 |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | 14 | 0 | 2.235.429 |
| | | 86.691.017 | 122.051.495 |
| Hreinar vaxtatekjur | | 101.374.312 | 96.677.019 |
| **Aðrar rekstrartekjur:** | | | |
| Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum | 5,30,31 | 2.949.642 | 2.624.265 |
| Þjónustutekjur | 15 | 38.698.527 | 37.073.280 |
| Þjónustugjöld | | ( 6.636.883) | ( 5.712.094) |
| Gengishagnaður (-tap) af annarri fjármálastarfsemi | 16 | 7.570.179 | ( 3.070.855) |
| Ýmsar rekstrartekjur | 17 | 50.783.919 | 4.316.595 |
| | | 93.365.384 | 35.231.191 |
| Hreinar rekstrartekjur | | 194.739.696 | 131.908.210 |
| **Önnur rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 19 | 54.173.729 | 55.263.162 |
| Annar almennur rekstrarkostnaður | | 49.670.064 | 38.924.146 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 8,33 | 6.543.506 | 6.014.778 |
| | | 110.387.299 | 100.202.086 |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 28 | ( 11.777.434) | ( 21.953.338) |
| Hagnaður fyrir skatta | | 72.574.963 | 9.752.786 |
| Tekjuskattur | 41 | ( 12.908.258) | 151.812 |
| Eignarskattur | | ( 1.020.835) | ( 1.560.946) |
| **Hagnaður ársins** | 43 | 58.645.870 | 8.343.652 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir:** | | | |
| Sjóður | | 17.317.812 | 12.734.240 |
| Kröfur á lánastofnanir | 22 | 353.751.644 | 275.572.166 |
| | | 371.069.456 | 288.306.406 |
| **Útlán:** | | | |
| Útlán til viðskiptamanna | | 1.110.036.009 | 944.913.274 |
| Fullnustueignir | | 7.350.000 | 10.750.000 |
| | 23-28 | 1.117.386.009 | 955.663.274 |
| **Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:** | | | |
| Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum | 10,29 | 108.726.406 | 171.807.880 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | 10,30 | 109.595.306 | 106.264.078 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum | 11,32 | 33.207.664 | 31.101.668 |
| | | 251.529.376 | 309.173.626 |
| **Aðrar eignir:** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 8,33 | 116.710.171 | 107.238.606 |
| Ýmsar eignir | | 1.810.148 | 1.561.504 |
| Áfallnar tekjur | | 5.503.028 | 4.231.371 |
| | | 124.023.347 | 113.031.481 |
| **Eignir samtals** | | 1.864.008.188 | 1.666.174.787 |

# 31. desember 2002

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| **Innlán:** | | | |
| Óbundin innlán | | 734.746.091 | 729.001.522 |
| Bundin innlán | 37 | 640.811.275 | 546.459.370 |
| | | 1.375.557.366 | 1.275.460.892 |
| **Lántaka** | 38 | 52.486.451 | 61.741.650 |
| **Aðrar skuldir:** | | | |
| Ýmsar skuldir | 39 | 47.493.479 | 13.653.303 |
| Áfallin gjöld | | 6.508.762 | 4.367.361 |
| | | 54.002.241 | 18.020.664 |
| **Reiknaðar skuldbindingar:** | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 40 | 59.841.000 | 55.300.000 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 41 | 12.493.316 | 3.783.093 |
| | | 72.334.316 | 59.083.093 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Stofnfé | | 9.033.476 | 8.442.536 |
| Varasjóður | | 300.594.338 | 243.425.952 |
| Eigið fé samtals | 42-44 | 309.627.814 | 251.868.488 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 1.864.008.188 | 1.666.174.787 |
| **Utan efnahagsreiknings:** | | | |
| Skuldbindingar vegna viðskiptamanna | 45 | | |
| Aðrar skuldbindingar | 46 | | |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2002

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður ársins | 43 | 58.645.870 | 8.343.652 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar | | 1.245.619 | 8.466.931 |
| Söluhagnaður | | ( 45.049.455 ) | 0 |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 28 | 11.777.434 | 21.953.338 |
| Tekjuskattur | | 8.710.223 | ( 196.809 ) |
| Aðrir liðir | | 12.676.549 | 20.683.930 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 6.088.614 | ( 2.637.235 ) |
| Handbært fé frá rekstri | | 54.094.854 | 56.613.807 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Kröfur á aðrar lánastofnanir, breyting | | ( 24.798.361 ) | ( 15.387.520 ) |
| Útlán, breyting | | ( 162.687.197 ) | ( 70.249.405 ) |
| Veltuskuldabréf, breyting | | 63.081.474 | ( 160.418.740 ) |
| Fjárfestingarhlutabréf, breyting | | 38.020.188 | ( 27.477.865 ) |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | ( 16.015.071 ) | ( 13.719.883 ) |
| Ýmsar eignir, breyting | | ( 248.644 ) | ( 560.117 ) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 102.647.611 ) | ( 287.813.530 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Innlán, breyting | | 89.180.164 | 218.982.967 |
| Lántaka, breyting | | ( 10.397.480 ) | 14.913.834 |
| Ýmsar skuldir, breyting | | 28.621.306 | ( 10.736.841 ) |
| Innleyst stofnfé | | 0 | ( 31.359 ) |
| Arður af stofnfé | 43 | ( 886.544 ) | ( 936.120 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 106.517.446 | 222.192.481 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 57.964.689 | ( 9.007.242 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 65.610.767 | 74.618.009 |
| **Handbært fé í árslok** | 9 | 123.575.456 | 65.610.767 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður utan þess sem greinir í skýringu 14. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir í skýringum birtar í þúsundum.

2. Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild sparisjóðsins í afkomu hlutdeildarfélaga.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2002. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### *Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum, lántöku og víkjandi lánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim.

   Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

### *Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum*

5. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

### *Útlán*

6. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2003 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2002.

7. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

### *Rekstrarfjármunir*

8. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### *Handbært fé*

9. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir. Handbært fé nemur samtals 123,6 millj. kr. í árslok.

### *Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum*

10. Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

    Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsvirði í árslok.

11. Sparisjóðurinn stendur að rekstri þriggja félaga ásamt öðrum. Eignarhlutar í þessum félögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar sjóðsins í eigin fé þeirra. Eignarhlutar í öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði.

### *Lífeyrisskuldbinding*

12. Sparisjóðurinn hefur lagt til hliðar fjárhæðir til að mæta eftirlaunaskuldbindingum vegna starfsmanna. Skuldbinding sparisjóðsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi samkvæmt útreikningi tryggingastærðfræðings.

### *Tekjuskattsskuldbinding*

13. Tekjuskattsskuldbinding sparisjóðsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs taps. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og í ársreikningi hins vegar.

## Breyting á reikningsskilaaðferðum

### *Niðurfelling verðleiðréttra reikningsskila*

14. Í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2001 hefur sparisjóðurinn hætt að verðleiðrétta reikningsskilin. Ekki eru lengur færð áhrif verðlagsbreytinga í rekstrarreikning sparisjóðsins. Eignir sem áður voru endurmetnar miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs eru nú færðar á kostnaðarverði. Áhrif þessa á rekstrarreikning eru þau að niðurstaða rekstrarins er ekki á meðalverðlagi ársins og framangreindar eignir eru ekki færðar á verðlagi í lok ársins eins og áður var. Ef beitt hefði verið sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári hefði hagnaður ársins orðið 0,7 millj. kr. lægri og eigið fé 4,7 millj. kr. hærra.

    Í samræmi við alþjóðlegar reglur um breytingar úr verðleiðréttum reikningsskilum í óverðleiðrétt er samanburðar-fjárhæðum í reikningnum ekki breytt.

## Aðrar rekstrartekjur

15. Þjónustutekjur sundurliðast þannig:

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Ábyrgðarþóknun | 400 | 397 |
| Aðrar þjónustutekjur | 38.299 | 36.676 |
| Samtals | 38.699 | 37.073 |

16. Gengismunur af annarri fjármálastarfsemi sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Veltuhlutabréf | ( 3.237) | ( 3.079) |
| Skuldabréf | 10.986 | 0) |
| Gjaldeyristengdar eignir og skuldir | ( 179) | 8 |
| Samtals | 7.570 | ( 3.071) |

17. Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Söluhagnaður fjárfestingahlutabréfa | 45.049 | 0 |
| Aðrar tekjur | 5.735 | 4.317 |
| Samtals | 50.784 | 4.317 |

## Starfsmannamál

18. Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf | 11,0 | 12,0 |
| Stöðugildi í árslok | 10,3 | 11,5 |

19. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 41.603 | 37.743 |
| Launatengd gjöld | 12.571 | 17.520 |
| Samtals | 54.174 | 55.263 |

20. Laun og þóknanir til stjórnar og sparisjóðsstjóra námu 9,4 millj. kr. á árinu 2002.

21. Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum sjóðsins lán og nema þau samtals 1,2 millj. kr. Í framangreindri fjárhæð eru lán atvinnurekstrar stjórnarmanna ekki meðtalin. Lánakjör eru hliðstæð og gerist við sambærilega fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

## Kröfur á lánastofnanir

22. Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 106.258 | 52.877 |
| Allt að 3 mánuðir | 200.000 | 180.062 |
| Bundnar kröfur á Sparisjóðabanka Íslands samkvæmt reglum um bindiskyldu | 47.494 | 42.633 |
| Samtals | 353.752 | 275.572 |

## Útlán

23. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

| | | |
|---|---|---|
| Yfirdráttarlán | 405.218 | 298.463 |
| Víxlar | 5.428 | 6.848 |
| Skuldabréf | 699.390 | 639.602 |
| Samtals | 1.110.036 | 944.913 |

24. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

| | | |
|---|---|---|
| Bæjar- og sveitarfélög | 3,2% | 4,0% |
| Atvinnugreinar: | | |
| Landbúnaður | 0,6% | 0,6% |
| Sjávarútvegur | 13,7% | 11,0% |
| Verslun | 12,4% | 11,3% |
| Iðnaður og verktakar | 9,6% | 14,1% |
| Þjónusta | 7,3% | 7,5% |
| Einstaklingar | 53,2% | 51,5% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% |

25. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræf útlán | 34.311 | 36.848 |
| Allt að 3 mánuðir | 326.542 | 207.300 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 167.161 | 185.732 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 380.005 | 331.369 |
| Yfir 5 ár | 202.017 | 183.664 |
| Samtals | 1.110.036 | 944.913 |

26. Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustukrafna og eru þær metnar á áætluðu söluverði. Fullnustueignir sundurliðast þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 7.350 |

27. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í lok ársins nemur 70,0 millj. kr. og greinist þannig:

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir | 94.283 | 153.980 |
| Sérstakur afskriftareikningur útlána | ( 45.170 ) | ( 37.320 ) |
| Afskriftalán að frádregnum sérstökum afskriftareikningi | 49.113 | 116.660 |
| Önnur vaxtalaus útlán | 20.864 | 12.317 |
| Óvaxtaberandi útlán samtals | 69.977 | 128.977 |

28. Afskriftareikningur útlána er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða að fjárhæð 1,0 millj. kr. sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi. Breytingin á reikningnum greinist þannig:

| | Afskriftareikningur | | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| | Sérstakur | Almennur | Samtals | Samtals |
| Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun | 37.320 | 35.126 | 72.446 | 58.011 |
| Framlag í afskriftareikning á árinu | 10.125 | 1.652 | 11.777 | 21.953 |
| Endanlega töpuð útlán | ( 2.275 ) | | ( 2.275 ) | ( 7.518 ) |
| Afskriftareikningur útlána í árslok | 45.170 | 36.778 | 81.948 | 72.446 |

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum | 6,6% | 6,6 % |

## Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

29. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Veltuskuldabréf: | | |
| Skráð í Kauphöll Íslands | 108.726 | 108.726 |

30. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Veltuhlutabréf: | | |
| Önnur skráð bréf | 2.588 | 2.588 |
| Fjárfestingarhlutabréf: | | |
| Skráð í Kauphöll Íslands | 98.919 | 34.622 |
| Önnur skráð bréf | 7.330 | 11.632 |
| Óskráð hlutabréf | | 60.753 |
| | | 107.007 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf samtals | | 109.595 |

31. Sparisjóðurinn hefur fjárfest í nokkrum félögum. Eignarhlutirnir eru eignfærðir á framreiknuðu kaupverði og greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Arður | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Kaupþing Banki hf., Reykjavík | 0,7% | 1.079 | 761 | 34.622 |
| Íslensk verðbréf hf., Akureyri | 6,8% | 0 | 7.393 | 29.573 |
| Uppspretta S.A., Lúxemborg | 1,0% | 0 | 100 | 11.632 |
| Eignarhaldsfélag Austurlands hf., Fjarðabyggð | 26,8% | 0 | 8.000 | 9.306 |
| Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis, Höfn | 4,7% | 0 | 6.890 | 7.067 |
| Fjárfestingarfélag Austurlands hf., Fjarðabyggð | 4,0% | 0 | 5.000 | 5.816 |
| SP-Fjármögnun hf., Reykjavík | 0,9% | 0 | 2.144 | 5.395 |
| Greiðslumiðlun hf., Reykjavík | 0,1% | 123 | 1.642 | 1.978 |
| Kreditkort hf., Reykjavík | 0,1% | 56 | 550 | 839 |
| Intrum á Íslandi ehf., Reykjavík | 0,2% | 60 | 2 | 747 |
| Smárahúsið ehf., Kópavogi | 1,1% | 0 | 28 | 32 |
| Samtals | | 1.318 | | 107.007 |

32. Sparisjóðurinn stendur að rekstri þriggja félaga ásamt öðrum. Félögin eru ekki skráð á verðbréfamarkaði. Eignarhlutir í þessum félögum eru færðir á því verði sem svarar til hlutdeildar sparisjóðsins í eigin fé þeirra og greinast hlutirnir þannig:

| | Eignar-hlutur | Hagnaðar-hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Hlutir í lánastofnunum: | | | | |
| Sparisjóðabanki Íslands hf., Reykjavík | 1,2% | 1.210 | 8.875 | 27.120 |
| Hlutir í öðrum félögum: | | | | |
| Reiknistofa bankanna, Reykjavík | 1,6% | 367 | 3.594 | 3.594 |
| Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópavogi | 1,1% | 54 | 2.494 | 2.494 |
| Samtals | | 421 | | 6.088 |
| Hlutdeildarfélög alls | | 1.631 | | 33.208 |

## Aðrar eignir

33. Rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

| | Húseignir | Húsbúnaður og bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2002 | 114.136 | 35.081 | 149.217 |
| Viðbætur á árinu | 12.500 | 3.515 | 16.015 |
| Heildarverð 31.12.2002 | 126.636 | 38.596 | 165.232 |
| Afskrifað áður | 23.117 | 18.861 | 41.978 |
| Afskrifað á árinu | 2.324 | 4.219 | 6.543 |
| Afskrifað samtals 31.12.2002 | 25.441 | 23.080 | 48.521 |
| Bókfært verð 31.12.2002 | 101.195 | 15.516 | 116.711 |
| Afskriftahlutföll | 2-4% | 10-33% | |

Fasteignamat húseigna og lóða nam í árslok 40 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 95 millj. kr. Vátryggingaverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda nam 38 millj. kr. í árslok.

## Kröfur á og skuldir við hlutdeildarfyrirtæki

34. Kröfur á hlutdeildarfélög námu 354 millj. kr. í árslok og skuldir á sama tíma námu 53 millj. kr.

## Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

35. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 717 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 672 millj. kr.

36. Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 39 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 37 millj. kr.

## Innlán

37. Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Allt að 3 mánuðir | 280.659 | 251.617 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 76.309 | 63.291 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 246.460 | 216.969 |
| Yfir 5 ár | 37.383 | 14.582 |
| Samtals | 640.811 | 546.459 |

## Lántaka

38. Lántaka er eingöngu í formi lána frá lánastofnunum og koma 5 millj. kr. til greiðslu innan árs.

## Aðrar skuldir

39. Ýmsar skuldir sundurliðast þannig:

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Tekjuskattur og eignarskattur | 5.219 | 1.949 |
| Afskriftareikningur vegna veittra ábyrgða | 993 | 2.563 |
| Aðrar skuldir | 41.281 | 9.141 |
| Samtals | 47.493 | 13.653 |

## Reiknaðar skuldbindingar

40. Sparisjóðurinn hefur lagt til hliðar fjárhæðir til að mæta eftirlaunaskuldbindingum vegna starfsmanna á hverjum tíma. Skuldbinding sparisjóðsins vegna þessa var 60 millj. kr. í árslok samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi miðað við 3% ársvexti en þar af eru 14 millj. kr. vegna fyrrverandi sparisjóðsstjóra. Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

Breyting skuldbindingarinnar greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun | 55.300 |
| Greiddur lífeyrir | ( 947) |
| Hækkun á skuldbindingunni | 5.488 |
| Lífeyrisskuldbinding í árslok | 59.841 |

41. Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 3.783 |
| Tekjuskattur af reglulegri starfsemi | 12.908 |
| Tekjuskattur til greiðslu 2003 vegna ársins 2002 | ( 4.198 ) |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 12.493 |

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | |
|---|---|
| Eignarhlutar í félögum | 8.381 |
| Frestaður söluhagnaður | 2.786 |
| Rekstrarfjármunir | 1.326 |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 12.493 |

## Eigið fé

42. Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins skal stofnfé hans eigi vera lægra en 1,5 millj. kr. og skiptast í eigi færri en 60 hluti. Í árslok nam innborgað stofnfé 9,0 millj. kr. og skiptist það í 268 jafna hluti sem eru í eigu 77 aðila.

43. Yfirlit um eigið fé:

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2002 | 8.442 | 243.426 | 251.868 |
| Greiddur arður af stofnfé | | ( 886 ) | ( 886 ) |
| Endurmat stofnfjár | 591 | ( 591 ) | 0 |
| Hagnaður ársins | | 58.646 | 58.646 |
| Eigið fé 31.12.2002 | 9.033 | 300.595 | 309.628 |

44. Eigið fé í árslok nemur 309,6 millj. kr. eða 16,6% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði er 18,1%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

| | Bókfærð staða | Vegin staða | |
|---|---|---|---|
| | | 2002 | 2001 |
| Áhættugrunnur: | | | |
| Bókfærðar eignir | 1.864.008 | 1.380.115 | 1.308.886 |
| Eignir til frádráttar eigin fé | | ( 67.250 ) | ( 64.486 ) |
| Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings | | 25.996 | 72.095 |
| Áhættugrunnur samtals | | 1.338.861 | 1.316.495 |
| Eigið fé: | | | |
| Bókfært eigið fé | | 309.627 | 251.868 |
| Eignarhlutir í fjármálastofnunum | | ( 67.250 ) | ( 64.486 ) |
| Eigið fé samtals | | 242.377 | 187.382 |
| Eiginfjárhlutfall | | 18,1% | 14,2% |

## Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

45. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 41.971 | 80.083 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir | 102.616 | 95.453 |

46. Með lögum nr. 98/1998 var stofnaður Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Eignir innstæðudeildar Tryggingarsjóðs sparisjóða runnu í hinn nýja sjóð en jafnframt yfirtók hann skuldbindingar innistæðudeildarinnar. Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% að meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári.